



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 40/2020

Upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðu Tjaldfélagsins ehf., aquasport.is

I.

Málsmeðferð

Í júlímánuði 2020 gerði Neytendastofa könnun á sölustað og vefsíðu íþróttavöruverslana. Snéri könnunin annars vegar að því að skoða ástand verðmerkinga á sölustað, sbr. ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Hins vegar snéri könnunin að því að skoða hvort veittar væru upplýsingar um þjónustuveitanda, sbr. ákvæði laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Með bréfi Neytendastofu til Tjaldfélagsins, dags. 14. júlí 2020, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar þar sem gerðar voru athugasemdir við að ástand verðmerkinga í versluninni væri ábótavant og að á vefsíðunni aquasport.is vantaði upplýsingar um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer og þá opinberu skrá sem félagið er skráð hjá, sbr. 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002. Þá var þeim eindregnu tilmælum beint til Tjaldfélagsins að koma verðmerkingum og upplýsingum á vefsíðu í betra horf. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti fyrirtækið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.

Neytendastofu barst símtal þann 27. júlí 2020 þar sem stofnuninni var m.a. tilkynnt að unnið væri að úrbótum á upplýsingum á vefsíðunni.

Hinn 10. ágúst 2020, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í versluninni sem leiddi í ljós að verðmerkingar höfðu verið lagaðar í versluninni. Þá leiddi skoðun á vefsíðunni aquasport.is í ljós að ekki höfðu verið gerðar úrbætur á upplýsingum um þjónustuveitanda.



Með bréfi Neytendastofu til Tjaldfélagsins ehf., dags. 3. september 2020, var fyrirtækinu gefinn fjórtán daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekinn yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Engin frekari svör bárust.

II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa gert kröfu um að Tjaldfélagið ehf. geri viðunandi lagfæringar á vefsíðu sinni aquasport.is. Á vefsíðunni er ekki að finna fullnægjandi upplýsingar um þjónustuveitanda, þar sem upplýsingar skortir um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer og opinbera skrá sbr. 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Engin efnisleg svör hafa borist frá Tjaldfélaginu vegna málsins og engar lagfæringar hafa verið gerðar á vefsíðunni í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 skal þjónustuveitandi veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

- “1. Nafni,
2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu
3. kennitölu,
4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,
5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,
6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnu félagskrá eða firmaskrá, og
7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.”

2.

Tjaldfélagið hefur brotið gegn ákvæðum 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, með ófullnægjandi upplýsingagjöf um þjónustuveitanda á vefsíðunni aquasport.is



Samkvæmt 19. gr. laga nr. 30/2002 er Neytendastofu falið eftirlit með að farið sé að ákvæðum 6.-7. gr. og 9.-11. gr. laganna. Sé brotið gegn nefndum ákvæðum gilda ákvæði laga nr. 57/2005 um úrræði Neytendastofu, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Tjaldfélagsins að koma upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðu sinni, aquasport.is, í rétt horf innan tveggja vikna frá dagssetningu ákvörðunar þessarar. Verði það ekki gert skal Tjaldfélagið greiða dagssektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektarfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, umfangs brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

“Tjaldfélagið ehf., Álfatúni 16, Kópavogi, hefur með því að veita ekki upplýsingar um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer og opinbera skrá, á vefsíðunni aquasport.is, brotið gegn ákvæðum 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Tjaldfélagið ehf. skal innan tveggja vikna frá dagssetningu þessarar ákvörðunar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunni aquasport.is. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal félagið greiða dagssektir að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.”

Neytendastofa, 12. október 2020.

Pórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir